

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Frakklands.

Með orðsendingaskiptum í París, hinn 24. maí 1962, var viðskiptasamningur Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951 framlengdur til 31. desember 1962.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 28. maí 1962.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Nr. 4.

5. júní.

AUGLÝSING

um gildistöku aðildar Íslands að alþjóðasamningi frá 1954,
um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 101 frá 28. desember 1961 hefur aðildarskjal Íslands að alþjóðasamningi frá 1954 um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu verið afhent forstjóra alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (I.M.C.O.). Samningur þessi, sem birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, gekk í gildi að því er varðar Ísland hinn 23. maí 1962.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 5. júní 1962.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

**ALÞJÓÐASAMÞYKKT
UM AÐ FYRIRBYGGJA ÓHREINKUN
SJÁVAR AF VÖLDUM OLÍU, 1954.**

London, 12. maí 1954.

Ríkisstjórnir þær, er sent hafa fulltrúa á alþjóðaráðstefnuna um óhreinkun sjávar af völdum olíu, sem haldin var í London á tímabilinu frá 26. apríl 1954 til 12. maí 1954, óska eftir að gera með allsherjarsamkomulagi, ráðstafanir til þess að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völd-

**THE INTERNATIONAL CONVENTION
FOR THE PREVENTION OF POLLU-
TION OF THE SEA BY OIL, 1954**

London, May 12, 1954

The Governments represented at the International Conference on Pollution of the Sea by Oil held in London from 26th April, 1954, to 12th May, 1954,

Desiring to take action by common agreement to prevent pollution of the sea by oil discharged from ships, and con-